



Alþingi  
Erindi nr. P 143/530  
komudagur 3.12.2013

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.  
B.t. Ögmundar Jónassonar form.

Reykjavík, 3. desember 2013.

### Upplýsingar fyrir afgreiðslu 119. máls, 143. þings (samfélagsmiðlar).

Á vegum yfirstjórnar skrifstofu Alþingis er starfandi nefnd sem falið var að meta og skila skýrslu til forsætisnefndar um hvort Alþingi eigi að koma sér upp „facebook-síðu“. Nefndin hefur jafnframt fjallað um aðra samfélagsmiðla. Við vinnu sína hefur nefndin m.a. kynnt sér „facebook-síður“ ýmissa þjóðþinga auk þess sem stuðst hefur verið við reynslu sem fengist hefur af notkun á „Twitter-síðu“ sem skrifstofan setti upp árið 2010. „Twitter-síðuna“ má finna á slóðinni [www.twitter.com/althingi](http://www.twitter.com/althingi) og tengil í hana er að finna á forsíðu vefs Alþingis.

Við vinnu sína hefur nefndin lagt til grundvallar leiðbeiningar Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) um notkun þjóðþinga á samfélagsmiðlum. Það er mat nefndarinnar að þær leiðbeiningar séu góður grunnur að byggja á, en þær má finna á slóðinni <http://www.ipu.org/PDF/publications/SMG2013EN.pdf>.

Jafnframt má nefna að unnið er að uppfærslu á vef Alþingis og eftir þá breytingu verður auðveldara fyrir almenning að setja efni af vef Alþingis á samfélagsmiðla eins og „facebook“.

Það verkefni, sem forseta Alþingis er ætlað að beita sér fyrir samkvæmt ályktunartillögum, er því þegar í ákveðnum farvegi á vegum skrifstofu Alþingis. Þegar nefndin hefur lokið störfum og skilað yfirstjórn skrifstofunnar tillögum sínum munu þær afhentar forseta Alþingis og koma til umræðu og afgreiðslu í forsætisnefnd Alþingis.

Helgi Bernóðusson  
skrifstofustjóri Alþingis